

Sp.

175. Fyrirspurnir.

[137. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um mótun heildarstefnu í áfengismálum.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður störfum nefndar um heildarstefnumótun í áfengismálum?
Hefur nefndin skilað áfangaskýrslu, og ef svo er, hvernig hyggst ráðuneytið fara með tillögur nefndarinnar?

II. Til dómsmálaráðherra um kvartanir og kærur vegna meðferðar lögreglu á fólki sem hún hefur afskipti af.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvað hefur það gerst oft á s. l. 10 árum, að lagðar hafi verið fram kvartanir eða kærur vegna meðferðar lögreglu á mönnum sem hún hefur afskipti af? Eru til tölulegar upplýsingar um slík atvik og þá um eðli þeirra og afdrif?
2. Hve oft hefur farið fram rannsókn af slíku tilefni á s. l. 10 árum?
3. Hverjir hafa annast slíkar rannsóknir?
4. Hafa slíkar rannsóknir einhvern tíma þótt gefa tilefni til aðgerða af hálfu ákærvalds?
5. Hafa fallið dómur í slíkum málum sem hér um ræðir?
6. Hvaða ályktanir dregur ráðherra af þeim upplýsingum sem fyrir liggja um þessi mál?